

SIÐAREGLUR

starfsfólks Úrvinnslusjóðs

Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem starfsfólki Úrvinnslusjóðs ber að fylgja við störf sín. Reglurnar byggja á almennum siðareglum starfsmanna ríkisins.

Hver starfsmaður gætir að því fyrir sitt leyti að farið sé eftir reglunum. Framkvæmdastjóri sér til þess að starfsfólki sé kunnugt um reglurnar og að þær séu eðlilegur þáttur í starfi þeirra.

Starfsmönnum ber að:

1. Starfa samkvæmt lögum, af vandvirkni, heiðarleika og samkvæmt bestu dómgreind, í þágu almennings og þeirra hagsmuna sem Úrvinnslusjóði er falið að gæta.
2. Tileinka sér vinnubrögð sem skapað geta traust á starfi þeirra og starfsemi Úrvinnslusjóðs.
3. Vinna að framþróun starfseminnar í samvinnu við hagaðila og viðskiptavinum með gæði að leiðarljósi.
4. Virða þagnarskyldu um vitneskju sem það fær í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um.
5. Gæta að orðspori vinnustaðar í samskiptum utan vinnu.
6. Stuðla að gagnsæjum starfsaðferðum og góðu upplýsingaflæði.
7. Koma fram af háttvísi og virðingu í samskiptum, bæði innan vinnustaðar og gagnvart viðskiptavinum og hagaðilum.
8. Láta samstarfsfólk njóta sannmælis og sanngirni.
9. Standa vörð um óhlutdrægni og faglegt sjálfstæði.
10. Virða skoðana- og tjáningarfrelsi og forðast hvers kyns mismunun.
11. Vinna gegn sóun og ómarkvissri meðferð fjármuna.
12. Forðast hagsmunaárekstra, þ.m.t. vegna persónulegra tengsla í störfum sínum og vekja athygli á því ef hætta er á þeim.
13. Misnota ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna, sinna eða annarra.
14. Þiggja ekki gjafir, friðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptavinum, birgjum eða öðrum í tengslum við starfið nema um sé að ræða óverulegt virði sem ekki sé unnt að líta á sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.
15. Upplýsa um spillingu, ólögmæta eða ámælisverða háttsemi sem það kann að verða vart við í starfi.
16. Hvetja samstarfsfólk til að leita réttar síns telji það á sér brotið.
17. Axla ábyrgð á eigin ákvörðunum og athöfnum.

Samþykkt af stjórn Úrvinnslusjóðs 26. ágúst 2024